



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 29. ágúst 2019

RMF19060005

4.0.1

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

***Stofnskrár fyrir Borgarbókasafn Reykjavíkur, Borgarsögusafn Reykjavíkur og Listasafn Reykjavíkur til staðfestingar***

Á 20. fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs þ. 24. júní sl. voru hjálagðar stofnskrár fyrir Borgarbókasafn Reykjavíkur, Borgarsögusafn Reykjavíkur og Listasafn Reykjavíkur, sbr. 9. lið hjálagðrar fundargerðar, samþykktar. Stofnskránum er hér með vísað til borgarráðs til staðfestingar.

Arna Schram

sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Stofnskrá fyrir Borgarbókasafn Reykjavíkur

Stofnskrá fyrir Borgarsögusafn Reykjavíkur

Stofnskrá fyrir Listasafn Reykjavíkur

Fundargerð 20. fundar menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs dags. 24. júní 2019

# Samþykkt fyrir Borgarbókasafn Reykjavíkur

## I. KAFLI

### Um stjórnun safnsins og verksvið þess.

#### 1. gr.

Borgarbókasafn Reykjavíkur er í eigu Reykjavíkurborgar. Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar fer með hlutverk stjórnar safnsins og gerir tillögur til borgarráðs um stefnumörkun í málefnum þess, hefur eftirlit með rekstri og að samþykktum og stefnu sé fylgt. Stjórn Borgarbókasafns er að öðru leyti í höndum borgarbókavardar.

Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr borgarsjóði í samræmi við starfs- og fjárhagsáætlun ár hvert. Borgarbókasafn er ekki rekið í hagnaðarskyni.

#### 2. gr.

Borgarbókasafn Reykjavíkur starfar í samræmi við gildandi bókasafnalög nr. 50/2012; yfirlýsingu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) um almenningubókasöfn frá 1994 og yfirlýsingu Alþjóðasamtaka bókasafna og bókavardafélaga (IFLA) um fjölmennningarleg bókasöfn.

Undir Borgarbókasafn Reykjavíkur heyra menningarhúsin í Grófinni, Árbæ, Gerðubergi, Spöng, Kringlu og Sólheimum. Einnig bókabíllinn Höfðingi og sögubíllinn Æringi.

#### 3. gr.

Borgarbókasafn Reykjavíkur er alhliða upplýsinga- og menningarstofnun og meginhlutverk þess er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Lögð er áhersla á gott aðgengi borgarbúa á öllum aldri að þjónustu, fræðslu og viðburðum á sviði menningar og lista. Borgarbúar skulu eiga greiðan aðgang að þeim menningarhúsum sem undir safnið heyra í hverfum borgarinnar, bóka- og sögubíl auk annarrar þjónustu safnsins sem borgaryfirvöld kunna að ákveða á hverjum tíma. Afgreiðslutíma skal miða að þörfum notenda á hverjum starfsstað.

Helstu verkefni Borgarbókasafns Reykjavíkur eru:

1. Að bjóða upp á vandaða og fjölbreytta menningarstarfsemi fyrir íbúa og gesti borgarinnar með megináherslu á barnamenningu, fjölmenningu og alþýðumenningu.

2. Að bjóða upp á vandaða upplýsingaþjónustu, viðburðadagskrá og vel samsettan safnkost fyrir almenning og nýta til þess nýjustu þekkingu, miðlunarleiðir og tæknibúnað á hverjum tíma.
3. Að vera leiðandi í kynningu á bókmenntum og bókmenntatengdum viðburðum og sýningum og að standa fyrir verkefnum sem hvetja til lestrar og stuðla að læsi í víðri merkingu þess orðs.
4. Að sinna menningaruppeldi barna og ungmenna með fræðslu og skapandi starfi.
5. Að sinna samstarfsverkefnum á sviði fjölmenningar sem auka víðsýni og skilning í litríku samfélagi borgarinnar.
6. Að bjóða borgarbúum upp á notalegan griðastað til samveru, innblásturs, lærdóms og virkrar þátttöku.
7. Að stunda eftir föngum rannsóknir sem tengjast megináherslum í starfsemi stofnunarinnar.
8. Að vera leiðandi í samstarfi almenningsbókasafna á Íslandi og innleiða bestu lausnir sem þekkjast alþjóðlega í þjónustu og starfsemi bókasafna.
9. Að hafa á að skipa ánægðu og hæfu starfsfólki.
10. Að hafa hagkvæma nýtingu og stýringu fjármuna að leiðarljósi við rekstur stofnunarinnar.

Borgarbókasafn Reykjavíkur skal setja sér stefnu, leiðarljós og markmið fyrir starfsemi og rekstur. Stefnan skal endurspeglar þær forsendur fyrir sameiningu Borgarbókasafns og Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs sem lágu til grundvallar samþykktar borgarstjórnar Reykjavíkur frá 8. maí 2014.

#### 4. gr.

Borgarbókasafn Reykjavíkur og menningarhús sem undir það heyrar skulu vera opin almenningi á auglýstum tímum. Stofnunin og starfsemi hennar skal kynnt almenningi, ferðamönnum og nemendum í samráði við skólafyrirvöld í Reykjavík.

Borgarbókasafni Reykjavíkur er heimilt að taka gjald fyrir skírteini og aðra veitta þjónustu í samræmi við gildandi bókasafnalögum nr. 50/2012. Gjöld skulu innheimt samkvæmt staðfestri gjaldskrá. Allur arður af starfseminni rennur til stofnunarinnar sjálfrar.

#### 5. gr.

Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs ræður borgarbókavörð til fimm ára í senn að viðhöfðu samráði við menningar-, íþrótt- og tómstundaráð. Borgarbókavörður skal ef þess er kostur, hafa sérfræðimenntun á sviði bókasafns- og upplýsingafræða og þekkingu á starfsemi og rekstri bókasafna. Starfið skal auglýst samkvæmt ákvæðum í 73. gr. samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar.

Sviðsstjóri getur ákveðið að framlengja ráðningu borgarbókavörðar til fimm ára í senn að höfðu samráði við menningar-, íþrótt- og tómstundaráð.

Borgarbókavörður ber ábyrgð á faglegri starfsemi stofnunarinnar; útlána- og upplýsingaþjónustu, viðburðum, fræðslu og miðlun. Hann ber einnig ábyrgð á endurnýjun og viðhaldi safnkosts og búnaðar.

6. gr.

Borgarbókavörður veitir borgaryfirvöldum ráðgjöf varðandi bókasafns- og upplýsingamál.

## **II. KAFLI**

### **Safnkostur. Aðföng og grisjun.**

7. gr.

Borgarbókavörður ber ábyrgð á uppbyggingu safnkosts, aðföngum (innkaupum, gjöfum) og grisjun. Borgarbókavörður getur skipað nefndir innan safnsins sem sjá um uppbyggingu safnkosts í samræmi við stefnu safnsins á hverjum tíma. Almennigur getur lagt fram tillögur um innkaup sem lagðar eru fyrir nefndirnar. Safnkostur er við það miðaður að safnið þjónar öllum almenningi.

Borgarbókavörður tekur ákvörðun um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort þær skuli þegnar. Almennit skal ekki taka við gjöfum sem kvaðir fylgja.

## **III. KAFLI**

### **Heimild til að setja á stofn styrktarfélag.**

8. gr.

Heimilt er að stofna styrktarfélag við Borgarbókasafn Reykjavíkur. Skal aflafé þess sett í sérstakan sjóð og varið til afmarkaðra verkefna. Slíkt fé skal ekki dragast frá þeirri fjárhæð, sem er árlega ætluð til starfsemi safnsins í fjárhagsáætlun borgarinnar.

---

*Samþykkt í menningar-, íþrótt- og tómstundaráði 24. júní 2019.*

## Samþykkt fyrir Borgarsögusafn Reykjavíkur

### I. KAFLI

#### Um stjórnun safnsins og verksvið þess.

##### 1. gr.

Borgarsögusafn Reykjavíkur er safn í eigu Reykjavíkurborgar. Menningar-, íþrótt- og tólmstundaráð Reykjavíkurborgar fer með hlutverk stjórnar safnsins, gerir tillögur til borgarráðs um stefnumörkun í málefnum þess, hefur eftirlit með rekstri og að samþykktum og stefnu sé fylgt. Stjórn safnsins er að öðru leyti í höndum safnstjóra.

Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr borgarsjóði í samræmi við fjárhags- og starfsáætlun safnsins ár hvert. Safnið er ekki rekið í hagnaðarskyni.

##### 2. gr.

Borgarsögusafn Reykjavíkur starfar samkvæmt safnalögum nr. 141/2011, lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og lögum um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57/2011 og í samræmi við siðareglur ICOM, Alþjóðaráðs safna.

Undir Borgarsögusafn Reykjavíkur heyra Árbæjarsafn, Landnámssýningin Reykjavík 871+/-2, Víkin – Sjóminjasafn Reykjavíkur, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Viðey ásamt sérsöfnum og safnheildum.

Borgarsögusafn Reykjavíkur hefur umsjón með menningarminjum í Reykjavík og veitir ráðgjöf um meðferð og varðveislu ljósmynda í eigu borgarinnar.

##### 3. gr.

Borgarsögusafn Reykjavíkur skal stuðla að varðveislu menningarminja í Reykjavík með þeim hætti að borgarbúar og aðrir gestir hafi sem bestan aðgang að menningararfi í borginni og að ljósmyndum í eigu þess. Á safnsvæði Árbæjarsafns skulu vera sýningar sem gefa mynd af húsakosti, hýbýla- og lifnaðarháttum í Reykjavík. Á Landnámssýningunni skal fjalla um upphaf byggðar í Reykjavík og skal merkja helstu minjastaði í Reykjavík og þar miðla fróðleik um þá. Í sýningarsal Ljósmyndasafns Reykjavíkur eru haldnar ljósmyndasýningar. Á Sjóminjasafni Reykjavíkur eru haldnar sýningar sem auka þekkingu og skilning á sambúð manns og sjávar frá upphafi byggðar til nútímans. Starfsemi í Viðey hefur að leiðarljósi að eyjan sé útivistarsvæði og vettvangur fræðslu um menningu og náttúru.

Helstu verkefni Borgarsögusafns Reykjavíkur eru:

1. Að safna, skrásetja, varðveita og rannsaka menningarminjar, sem eru einkennandi fyrir menningararf borgarinnar og varpa ljósi á sögu hennar og menningu. Sama gildir um minjar tengdar sjó og sjómennsku og ljósmyndir sem einkanlega hafa gildi fyrir sögu Reykjavíkur.
2. Að sinna minjavörslu í Reykjavík í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 og halda skrár yfir fornleifar, hús og mannvirki í Reykjavík.
3. Að sinna menningaruppeldi og fræðslu um sögu Reykjavíkur, þróun sjávarútvegs og sambúð Íslendinga við hafið og lífríki þess, ljósmyndina og

menningu, náttúru og sögu Viðeyjar með sýningarhaldi, fræðslustarfsemi og útgáfu í samræmi við fjárhags- og starfsáætlun ár hvert.

4. Að gera íbúum borgarinnar og gestum hennar kleift að upplifa söguna og skynja fortíðina á fjölbreyttan hátt með lifandi tengingu fortíðar og nútíðar.

Borgarsögusafn Reykjavíkur skal setja sér stefnu, leiðarljós og markmið fyrir starfsemi og rekstur. Stefnan skal endurspegla þær forsendur fyrir sameiningu safnanna sem lágu til grundvallar samþykktar borgarstjórnar Reykjavíkur frá 3. desember 2013.

#### 4. gr.

Borgarsögusafn Reykjavíkur skal opið almenningi á auglýstum tímum. Safnið og starfsemi þess skal kynnt almenningi, ferðamönnum og nemendum í samráði við skólayfirvöld í Reykjavík.

Borgarsögusafn Reykjavíkur er heimilt að taka aðgangseyri og gjald fyrir veitta þjónustu í samræmi við fyrirmæli í 19. gr. safnalaga nr. 141/2011. Gjöld skulu innheimt samkvæmt staðfestri gjaldskrá. Allur arður af starfsemi safnsins rennur til safnsins sjálfs.

#### 5. gr.

Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs ræður safnstjóra til fimm ára í senn að viðhöfðu samráði við menningar-, íþrótt- og tómstundaráð. Safnstjóri skal hafa sérfræðimenntun á starfssviði safnsins, þekkingu á safnastarfi og reynslu af rekstri safna. Starfið skal auglýst samkvæmt ákvæðum í 73. gr. samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar.

Sviðsstjóri getur ákveðið að framlengja ráðningu safnstjóra til fimm ára í senn að höfðu samráði við menningar-, íþrótt- og tómstundaráð.

Safnstjóri ber ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu safnsins og þeirra starfsstaða sem undir það heyra, þ.m.t. fjármálum, starfsmannamálum og á framkvæmd ákvarðana menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs.

Safnstjóri ber ábyrgð á faglegri starfsemi safnsins, skipuleggur sýningar þess og ber ábyrgð á viðhaldi safnkosts og búnaðar.

#### 6. gr.

Safnstjóri hefur umsjón með menningarminjum í Reykjavík. Hann ber ábyrgð á skráningu safnkosts, fornleifa, húsa og mannvirkja, rannsóknum og eftirliti þeirra.

Safnstjóri er ráðgjafi borgaryfirvalda um verndun menningarminja í Reykjavík og um önnur menningarsöguleg verkefni. Leita skal umsagnar safnstjóra er fjallað er um verndun fornleifa, húsa og mannvirkja, svo sem við skipulagsgerð og framkvæmdir.

Safnstjóri gerir tillögur til menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs um mál sem varða verndun menningarminja.

Safnstjóri fylgist með söfnun örnefna, útgáfu örnefnaskrár og merkingu minjastaða, fornleifa og náttúruminja.

## 7. gr.

Borgarsögusafn Reykjavíkur hefur umsjón með eða heimilar eftirgerð eftir myndefni og innheimtu birtingargjalds f.h. rétthafa. Safnið semur við rétthafa höfundaréttar skv. ákvæðum höfundalaga.

Safnstjóri ber ábyrgð á varðveislu frummynda ljósmynda í safninu, eða í tryggum geymslum á vegum þess.

Safnstjóra skal þó heimilt að lána einstakar myndir úr safninu um takmarkaðan tíma til sýninga annars staðar.

## II. KAFLI

### Um aðföng og gjafir.

## 7. gr.

Safnstjóri metur hvort gjafir sem safninu eru boðnar, skuli þegar. Þótt safnið veiti mun eða myndasafni viðtöku sem gjöf, er ekki heimilt að undirgangast kvaðir um sérstaka aðra meðferð nema með sérstöku samþykki borgarráðs. Gjöf skal fylgja gjafabréf. Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignaskatt nr. 90/2003.

Óheimilt er að selja eða farga safngripum nema ríkar ástæður séu til og á grundvelli grisjunaráætlunar sem höfuðsafn samþykkir, sbr. 17. gr. safnalaga nr. 141/2011 og að fengnu samþykki menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs.

## III. KAFLI

### Heimild til að setja á stofn styrktarfélag.

## 8. gr.

Heimilt er að stofna styrktarfélag við Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skal aflafé þess sett í sérstakan sjóð og varið til afmarkaðra verkefna.

## IV. KAFLI

### Um ráðstöfun safnkosts verði safnið lagt niður eða rekstrarformi breytt.

## 10. gr.

Verði safnið lagt niður eða rekstrarformi breytt skal borgarráð ráðstafa safnkosti þess að fenginni tillögu menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs í samráði við Þjóðminjasafn Íslands, sbr. 12. og 16. gr. safnalaga nr. 141/2011. Öðrum eignum verður ráðstafað að höfðu samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti.

# Samþykkt fyrir Listasafn Reykjavíkur

## I. KAFLI

### Um stjórnun safnsins og verkefni þess.

#### 1. gr.

Listasafn Reykjavíkur er í eigu Reykjavíkurborgar. Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar fer með hlutverk stjórnar safnsins og gerir tillögur til borgarráðs um stefnumörkun í málefnum þess og hefur eftirlit með rekstri og að samþykktum og stefnu sé fylgt. Stjórn þess er að öðru leyti í höndum safnstjóra. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr borgarsjóði í samræmi við fjárhags- og starfsáætlun ár hvert. Safnið er ekki rekið í hagnaðarskyni.

#### 2. gr.

Listasafn Reykjavíkur starfar samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 og lögum um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57/2011. Safnið og stjórn þess starfa í samræmi við siðareglur ICOM, Alþjóðaráðs safna.

#### 3. gr.

Listasafn Reykjavíkur skal varðveita listaverkaeign Reykjavíkurborgar með þeim hætti að borgarbúar og aðrir gestir hafi sem bestan aðgang að þeim listaverkum sem borgin hefur eignast. Listaverkaeign Reykjavíkurborgar samanstendur af sérsöfnum listaverka sem eru merkt Ásmundi Sveinssyni, Erró og Jóhannesi S. Kjarval, almennri listaverkaeign borgarinnar og myndverkum á almannafæri.

Helstu verkefni Listasafns Reykjavíkur:

1. Listasafn Reykjavíkur skal hafa yfir að ráða svo fullkomnu safni íslenskrar myndlistar sem unnt er, skrá það, varðveita og sýna. Leitast skal við að afla verka sem endurspeгла sem best strauma og stefnur í íslenskri myndlist á hverjum tíma.
2. Listasafn Reykjavíkur skal rannsaka eftir föngum íslenska myndlist, einkum með tilliti til þeirra sérsafna sem eru í eigu borgarinnar. Listasafn Reykjavíkur skal sinna fræðslu um myndlist, innlenda og erlenda, m.a. með sýningarhaldi, fyrirlestrum, leiðsögn um safnið, útgáfu mynda, kynningarrita eða með öðrum þeim hætti sem henta þykir í samræmi við fjárhags- og starfsáætlun ár hvert.
3. Listasafn Reykjavíkur skal efna til kynninga á verkum safnsins og starfsemi þess, m.a. með leigu listaverka til borgarstofnana og útlánnum til sýninga utan safnsins.
4. Listasafn Reykjavíkur hefur umsjón og eftirlit með myndverkum á almannafæri í eigu borgarinnar.
5. Listasafn Reykjavíkur skal stuðla að því að borgarbúum og öðrum gestum safnsins sé gert kleift að fylgjast með því sem er að gerjast í myndlist.

#### 4. gr.

Listasafn Reykjavíkur skal opið almenningi á auglýstum tímum.

Safnið og starfssemi þess skal kynnt almenningi, ferðamönnum og nemendum í samráði við skólayfirvöld í Reykjavík.



Listasafni Reykjavíkur er heimilt að taka aðgangseyri og gjald fyrir veitta þjónustu í samræmi við fyrirmæli í 19. gr. safnalaga nr. 141/2011. Gjöld skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá sem staðfest er af borgarstjórn. Allur arður af starfsemi safnsins rennur til safnsins sjálfs.

5. gr.

Sviðsstjóri ræður safnstjóra til fimm ára að viðhöfðu samráði við menningar-, íþrótt- og tómstundaráð. Safnstjóri skal hafa sérfræðimenntun og staðgóða þekkingu á myndlist og starfsemi/rekstri listasafna. Starfið skal auglýst samkvæmt samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar. Sviðsstjóri getur ákveðið að framlengja ráðningu safnstjóra einu sinni til næstu fimm ára að höfðu samráði við menningar-, íþrótt- og tómstundaráð.

Safnstjóri ber ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu safnsins, þ.m.t. fjármálum, starfsmannamálum og á framkvæmd ákvarðana menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs. Safnstjóri ber ábyrgð á faglegri starfsemi safnsins, skipuleggur sýningar þess og ber ábyrgð á viðhaldi búnaðar safnsins í samráði við Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

## II. KAFLI

### Um safn Ásmundar Sveinssonar.

6. gr.

Safn Ásmundar Sveinssonar er hluti af Listasafni Reykjavíkur. Safnið er að Sigtúni 60, í byggingu sem áður hýsti vinnustofur og íbúð Ásmundar Sveinssonar.

7. gr.

Sérstök stjórn fjallar um málefni safnsins og starfar í umboði menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs. Stjórnina skipa fjórir stjórnarmenn. Eru þrír þeirra kjörnir af menningar-, íþrótt- og tómstundaráði til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmanna vera formaður menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs og er hann jafnframt formaður stjórnarinnar. Fjórða stjórnarmanninn tilnefna afkomendur Ásmundar Sveinssonar sameiginlega meðan höfundarréttur að verkum hans helst í þeirra eign.

Stjórnin skal taka endanlegar ákvarðanir um málefni sem varða verk Ásmundar Sveinssonar, m.a. um varðveislu höggmynda, stækkun/minnkun verka og gerð afsteypa af þeim að fenginni heimild höfundarréttarhafa. Stjórnin skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til staðfestingar til menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs.

Séu gerðar afsteypur í fjáröflunarskygni af verkum í eigu safnsins skal álagning nema a.m.k. jafnhárri upphæð og höfundarlaun, sem renna til rétthafa höfundarréttar á meðan hann varir skv. lögum um höfundarrétt.

Launakostnaður stjórnarmanna skal greiddur af fjárveitingu til Listasafns Reykjavíkur.

8. gr.

Um höfundarlaun skal samið við rétthafa hverju sinni. Þeir einir geta heimilað stækkun/minnkun einstakra verka eftir Ásmund Sveinsson og gerð afsteypa á meðan höfundarréttur varir.

9. gr.

Frummyndir í safninu skal ætíð varðveita þar eða í tryggum geymslum á vegum þess. Safnstjórn skal þó heimilt að lána einstakar myndir úr safninu um takmarkaðan tíma til sýninga annars staðar og sömuleiðis ef unnið er að stækkun/minnkun þeirra eða gerð afsteypa.

### **III. KAFLI**

#### **Um innkaupanefnd listaverka: Listaverkakaup og gjafir.**

10. gr.

Sérstök innkaupanefnd annast kaup listaverka til safnsins í samræmi við fjárheimildir í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Þá getur safnstjóri ráðstafað allt að 20% af ráðstöfunarfé til kaupa innlendra verka án afskipta nefndarinnar.

Innkaupanefnd skal skipuð þremur einstaklingum sem hafa yfirgripsmikla þekkingu á myndlist: Safnstjóra og tveimur einstaklingum sem skipaðir eru af menningar-, íþróttá- og tómsundaráði til tveggja ára í senn að fenginni tillögu safnstjóra og umsögn sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs. Annan þessara tveggja einstaklinga skal stjórn Sambands íslenskra myndlistarlistarmanna (SÍM) tilnefna.

Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála í innkaupanefnd. Verði ágreiningur um kaup listaverks milli safnstjóra og annarra nefndarmanna skal skjóta málinu til menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs til endanlegrar ákvörðunar.

Við val listaverka til safnsins ber að fara eftir listrænu gildi þeirra.

Innkaupanefnd skal einnig vera til ráðgjafar um listaverkakaup borgarstofnana. Innkaupanefnd skal ársfjórðungslega gera menningar-, íþróttá- og tómsundaráði grein fyrir innkaupum listaverka og listaverkagjöfum sem borist hafa til safnsins.

Laun innkaupanefndarmanna skulu greidd af fjárveitingu til Listasafns Reykjavíkur.

11. gr.

Innkaupanefnd fjallar um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort þær skuli þegar. Þótt safnið veiti listaverki viðtöku sem gjöf má það eigi takast á hendur kvaðir um aðra meðferð þess en annarra listaverka safnsins; þó getur borgarráð veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstök rök mæla með því. Gjöf skal fylgja gjafabréf. Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

### **IV. KAFLI**

#### **Um myndverk á almannafæri.**

12. gr.

Innkaupanefnd annast kaup myndverka til uppsetningar á almannafæri í samræmi við fjárheimildir í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

13. gr.

Safnstjóri gerir tillögur til menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs um staðsetningu myndverka á almannafæri að höfðu samráði við garðyrkjustjóra Reykjavíkur. Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð gerir tillögur til borgarráðs um staðsetningar myndverka á almannafæri, að fenginni umsögn umhverfis- og skipulagsráðs.

## V. KAFLI

### Heimild til sölu listaverka úr eigu borgarinnar.

14. gr.

Óheimilt er að selja eða farga safngripum nema ríkar ástæður séu til á grundvelli grisjunaráætlunar sem höfuðsafn samþykkir, sbr. 17. gr. safnalaga nr. 141/2011, og að fengnu samþykki menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs. Hagnaði af sölu verka skal varið til kaupa á öðrum verkum er þykja æskilegri fyrir safnið.

Óheimilt er að selja eða láta á annan hátt af hendi listaverk úr eigu borgarinnar sem þegin hafa verið að gjöf.

## VI. KAFLI

### Ráðgjafahópur, heimild til að setja á stofn styrktarfélag o.fl.

15. gr.

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð getur skipað ráðgjafahóp sem starfar tímabundið að ákveðnum verkefnum með safnstjóra. Safnstjóri skal koma með tillögur að slíkum hóp/hópum og þeim einstaklingum sem í honum/þeim starfa.

16. gr.

Heimilt er að stofna styrktarfélag við Listasafn Reykjavíkur. Skal aflafé þess sett í sérstakan sjóð og varið til afmarkaðra verkefna, t.d. til kaupa á verkum til sérsafna listaverka Ásmundar Sveinssonar, Errós og Jóhannesar S. Kjarvals. Slíkt fé skal ekki dragast frá þeirri fjárhæð, sem er árlega ætlað til starfsemi safnsins eða listaverkakaupa í fjárhagsáætlun borgarinnar.

## VII. KAFLI

### Um ráðstöfun safnkosts verði safnið lagt niður eða rekstrarformi breytt.

17. gr.

Verði safnið lagt niður eða rekstrarformi breytt skal borgarráð ráðstafa safnkosti þess að fenginni tillögu menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs í samráði við Lfistasafn Íslands, sbr. 12. gr. og 16. gr. safnalaga nr. 141/2011. Öðrum eignum verður ráðstafað að höfðu samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti.